

Öggur ehf.  
Prestssæti  
551 Sauðárkróki

Reykjavík, 10. júní 2022  
UST202205-372/H.S.J.  
08.12.01

### Ákvörðun um framlengingu starfsleyfis Öggs ehf. Hjaltadal.

Vísað er til umsóknar Öggs ehf. um nýtt starfsleyfi, dags. 25. maí sl., og samskipta Umhverfisstofnunar við rekstraraðila þar sem óskað er eftir framlengingu á starfsleyfi sem gefið var út fyrir eldi bleikju að Kjarvalsstöðum Hjaltadal, allt að 12 tonna framleiðsla á ári. Starfsleyfisumsókn var samþykkt fullnægjandi þann 3. júní sl.

Skv. 4. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir má útgefandi starfsleyfis framlengja gildistíma starfsleyfis meðan nýtt starfsleyfi er í vinnslu, að hámarki til eins árs, hafi fullnægjandi umsókn borist útgefanda. Áform um framlengingu voru auglýst á heimasíðu Umhverfisstofnunar 3. júní til og með 8. júní.

Gildistími starfsleyfisins var til 6. júní 2022. Að því virtu mun framlengingin sem hér er veitt gilda þar til nýtt starfsleyfi er gefið út eða í síðasta lagi til **6. júní 2023**.

Elva Rakel Jónsdóttir  
*staðgengill forstjóra*

Hulda Soffía Jónasdóttir  
*sérfræðingur*